



Fjarskiptastofa

**Tíðniheimild
til reksturs farstöðvanets
fyrir neyðar- og öryggisfjarskiptaþjónustu
samkvæmt TETRA stöðlum**

Desember 2021

Efnisyfirlit

1. gr.	Leyfishafi.....	3
2. gr.	Efni og skorður heimildainnar.....	3
3. gr.	Breyting á ákvæðum heimildarinnar o.fl.....	3
4. gr.	Alþjóðlegar skyldur o.fl.....	3
5. gr.	Þráðlaus sendibúnaður og sambönd.....	4
6. gr.	Lágmarksgæðakröfur sem gilda um TETRA þjónustu sem veitt er almenningi....	4
7. gr.	Tíðnir til ráðstöfunar ofl.....	4
8. gr.	Útbreiðsla TETRA farstöðvarnetsins.....	4
9. gr.	Netbúnaður og staðlar.....	5
10. gr.	Notendabúnaður.....	5
11. gr.	Truflanir.....	5
12. gr.	Gildistími.....	5
13. gr.	Framsalsbann.....	5
14. gr.	Afturköllun.....	5

1.gr.

Leyfishafi

Öryggisfjarskiptum ehf., kt. 641106-1430 (hér eftir nefnt fyrirtækið) er hér með veitt heimild til notkunar á tíðnum til reksturs farstöðvanets fyrir neyðar- og öryggisfjarskiptaþjónustu samkvæmt TETRA stöðlum í samræmi við eftirfarandi ákvæði í heimild þessari.

2. gr.

Efni og skorður heimildarinnar

Heimildin tekur til uppsetningar og starfrækslu móðurstöðva, farstöðva, skiptistöðva, netsendikerfa og annars búnaðar innan íslensks dreifingarsvæðis, sem þarf til að veita TETRA-þjónustu.

Fyrirtækinu er úthlutað tíðnum sem ætlaðar eru neyðar- og öryggistíðnisviði TETRA. Fyrirtækinu er heimilt að veita almennum notendum aðgang að TETRA-þjónustu sinni á neyðar- og öryggistíðnisviði, enda hafi neyðar- og öryggisaðilar forgang að þjónustunni í neyðartilfellum. Sú heimild er jafnframt háð því skilyrði að slík þjónusta fái samrýmst ákvæðum samkeppnisлага nr. 44/2005.

3 gr.

Breyting á ákvæðum heimildarinnar o.fl.

Fjarskiptastofu (FST) skal heimilt að breyta ákvæðum í heimild þessari til samræmis við breytingar á lögum og reglum og þegar alþjóðasamningar gefa tilefni til sliks eða það telst nauðsynlegt til að ná markmiðum fjarskiptalaga, sbr. 12. gr. laga nr. 81/2003.

Nýtt gjald skal ekki tekið við slíka breytingu. Leiði breytingar á gildistímanum til skerðinga á réttindum fyrirtækisins samkvæmt heimild þessari öðlast það ekki rétt til skaðabóta vegna slíkra skerðinga.

4. gr.

Alþjóðlegar skyldur o.fl.

Að fyrirmælum FST skal fyrirtækið fullnægja þeim ákvörðunum sem alþjóðlegar stofnanir um samstarf á sviði fjarskipta hafa gert með sér og bindandi eru fyrir íslenska ríkið.

Notkun tíðna skal lúta gildandi ákvörðunum og tilmælum CEPT.

Fyrirtækinu er heimilt, á eigin kostnað, að eiga aðild að hlutaðeigandi íslenskum sendinefndum hjá alþjóðlegum samtökum og stofnunum að svo miklu leyti sem reglur leyfa.

5. gr.

Þráðlaus sendibúnaður og sambönd

Uppsetning á hvers konar þráðlausum sendibúnaði, þ.m.t. móðurstöðvar í TETRA, eru háðar leyfisbréfi sem FST gefur út að fenginni umsókn frá fyrirtækinu. Í umsóknum skal tilgreina allar breytur fyrir viðkomandi radíóstöð eða samband þ.m.t. staðsetningu, tegund og hæð loftnets, pólun geislunar, sendistyrk og ráðgerða notkun. FST áskilur sér rétt til að takmarka geislað afl á hverjum sendistað í þeim tilgangi að koma í veg fyrir líklegar truflanir, sbr. 11. gr. Fyrirtækið skal einungis nota þær tíðnir

til starfrækslu á fjarskiptanetinu sem hann hefur fengið úthlutað hjá FST og greiða fyrir þær samkvæmt lögum nr. 75/2021 um FST. Staðasetningu radióstöðva skal tilgreina í hnitum samkvæmt ISN 93 landshnitakerfinu, Lamber vörpun.

6. gr.

Lágmarksgæðakröfur sem gilda um TETRA þjónustu sem veitt er almenningi

Þjónusta sem veitt er almenningi skal vera í boði allan sólarhringinn alla daga vikunnar, allt árið um kring.

Frávísun samtala á þráðlausa hluta TETRA farstöðvanetsins á annatíma skal ekki vera hærri en sem nemur 2%.

Útfallstíðni samtala á þráðlausa hluta TETRA farstöðvarnetsins á annatíma skal ekki fara fram úr 1%.

FST getur sett sértækar reglur um skilgreiningar, mæliaðferðir og stjórnun á frávísun og útfallstíðni sem getið er um í annarri og þriðju málsgrein og einnig varðandi aðrar gæðakröfur á grundvelli viðtekinna Evrópustaðla.

7. gr.

Tíðnir til ráðstöfunar o.fl.

Fyrirtækinu er úthlutað tíðnum í 390-395 MHz / 380-385 MHz neyðar- og öryggistíðnisviði TETRA.

FST getur farið fram á að fyrirtækið breyti tæknieiginleikum sem tengjast tíðniúthlutun í því skyni að efla hagkvæmni í tíðninotkun eða til þess að draga úr truflunarvanda. FST skal í samráði við fyrirtækið leitast við að halda kostnaðarþætti vegna slíkra breytinga í lágmarki.

8. gr.

Útbreiðsla TETRA farstöðvarnetsins

Fyrirtækið skal tilkynna FST jafnóðum til hvaða svæða TETRA farstöðvaþjónusta þess nær.

9. gr.

Netbúnaður og staðlar

Allur kerfisbúnaður TETRA farstöðvarnetsins og þjónusta skal vera í samræmi við evrópska staðla sem gerðir eru af ETSI, fjarskiptastaðlastofnun Evrópu. TETRA farstöðvarnetið skal geta þjónað notendum, sem hafa búnað í samræmi við fyrrnefnða staðla.

Allur radíóbúnaður sem notaður verður skal vera CE-merktur af framleiðanda til staðfestingar á því að búnaðurinn uppfylli kröfur RED tilskipunarinnar nr. 214/53/EB.

10. gr.

Notendabúnaður

Fyrirtækið skal hvorki beint eða óbeint gera kröfu til notendabúnaðar sem eru frábrugðnar ákvæðum TETRA staðla sbr. 9. gr.

**11. gr.
Truflanir**

Fyrirtækið er ábyrgt vegna radióstöðva í farstöðvaneti sínu, sem kunna að valda truflunum og hafa áhrif á rekstur annarra aðila og ber fyrirtækið ábyrgð á því tjóni sem þær geta valdið. Fyrirtækið skal fyrir eigin reikning hlíta fyrirmælum FST um að bæta úr innri og ytri truflunarvanda sem hlýst af TETRA fjarskiptanetinu. FST getur látið innsigla fjarskiptavirki, sem valda alvarlegum truflunum eða bannað notkun þeirra sbr. 64. gr. laga um fjarskipti nr.81/2003.

Fyrirtækið skal bera ábyrgð gagnvart notendum sínum að því er varða truflanir innan farstöðvakerfis.

**12. gr.
Gildistími**

Heimild þessi gildir til 1. janúar 2037.

**13. gr.
Framsalsbann**


Heimild þessi er ekki framseljanleg hvorki að hluta né í heild.

**14. gr.
Afturköllun**

FST getur afturkallað heimildina ef fyrirtækið stendur ekki í skilum með greiðslur vegna rekstrargjalfa eða annarra gjalfa, er veitt greiðslustöðvun eða verður gjaldþrota.

Einnig getur FST afturkallað heimildina ef um alvarleg brot á ákvæðum hennar er að ræða, eða þeim lögum og reglum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu.

Fjarskiptastofa, 13.12.2021.


Hrafnkell V. Gíslason


Björn Geirsson